



Umsögn

Efni: Beiðni OR um ábyrgð vegna styrks vegna CarbFix2 verkefnis
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur óskað eftir ábyrgð eigenda á styrk sem OR hefur sótt um hjá Innovation and Networks Executive Agency (INEA) sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (e. European Commission) hefur komið á fót. Styrkurinn er vegna vísindaverkefnis sem nefnist CarbFix2. Heildarfjárhæð styrkja sem INEA hyggst veita til verkefnisins er 2,2 milljónir evra sem skiptast á milli fimm styrkþega, og fær OR 700 þúsund evrur í sinn hlut. Nánari umfjöllun um verkefnið er að finna í greinargerð með tillögu borgarstjóra.

Umsögn fjármálaskrifstofu er unnin í samræmi við verklagsreglu FMS-VLR-034 um ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar fyrir fyrirtæki í eigu borgarinnar og verklagsreglu FMS-VLR-035 um ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar vegna Orkuveitu Reykjavíkur á grundvelli laga nr. 136/2013.

1. Heimild til að gangast í ábyrgð samkvæmt sveitarstjórnarlögum

Á grundvelli 69. gr. laga nr. 138/2011 er sveitarstjórnnum heimilt annars vegar að veita einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem sveitarfélagið á að öllu leyti, enda sinni þau verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og hins vegar einfalda ábyrgð til tryggingar lánum stofnana og fyrirtækja sem það á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila. Í síðari tilvikinu eru sett fram þrennskonar skilyrði (1) að lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, (2) að trygging sé bundin lántöku vegna lögákveðins verkefnis sveitarfélaga og (3) að allir eigendur ábyrgist lán í samræmi við eignarhlut sinn. OR er að fullu í eigu opinberra aðila og er eignarhlutur Reykjavíkurborgar 93,539%. Þá er tekið fram að ábyrgðin falli úr gildi ef lögaðili færir að einhverju leyti í eigu einkaaðila. Samkvæmt 3. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum óheimilt að gangast í ábyrgðir fyrir öðrum skuldbindingum en þeim tveimur tegundum sem raktar eru að framan en prókúruhafa sveitarfélagsins er þó heimilt fyrir þess hönd að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

Beiðni OR er ekki vegna láns og því er Reykjavíkurborg ekki heimilt að gangast í ábyrgð fyrir endurgreiðslu styrksins á grundvelli 3. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. Heimild til að gangast í ábyrgð samkvæmt lögum um OR

Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg sé óheimilt að gangast í umbeðna ábyrgð á grundvelli sveitarstjórnarlaga er nauðsynlegt að horfa til ákvæða laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013 þar sem þau eru sérlög (l. lex specialis) gagnvart sveitarstjórnarlögum sem eru almenn lög (l. lex generalis) og ganga þeim framar.



Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 136/2013 er eigendum heimilt að veita einfalda og hlutfallslega ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum fyrirtækisins í samræmi við eignarhluta sinni í fyrirtækinu. Ábyrgð eigenda nær ekki til annars en fjárhagslegra skuldbindinga og getur ábyrgð eigenda ekki numið hærra hlutfalli en 80% af fjárförf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaskrifstofu hefur INEA gert þann áskilnað að eigendur veiti ábyrgð á þeim hluta styrksins sem rennur til OR og nemur sá hluti 700 þúsund evrum líkt og fyrr segir og er sú fjárhæð fjárförf verkefnisins. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum OR nær ábyrgðin til endurgreiðslukröfu sem stofnast getur við gjaldþrot fyrirtækisins, s.s. vegna þess að ákveðnir þættir verkefnisins hafi ekki verið unnir vegna þess. Ábyrgðinni er ætlað að vara samningstíma verkefnisins og mun sá tími vera 42 mánuðir frá upphafi verkefnisins. Vakin er athygli á að ábyrgð eigenda getur aldrei numið hærra hlutfalli en 80% af endurgreiðslukröfunni ef svo ólíklega vilji til að til hennar stofnist.

3. Niðurstaða

Eigendum OR er heimilt að veita ábyrgð á 80% af endurgreiðslukröfu styrks að fjárhæð 700 þúsund evrum. Innbyrðis skipting ábyrgðar eigenda er í réttu hlutfalli við eignarhluta þeirra í fyrirtækinu. Að teknu tilliti til 93,539% eignarhlutar Reykjavíkurborgar getur ábyrgð borgarinnar að hámarki verið 523.818,4 evrur, eða sem nemur 62.009.622 kr. miðað við gengi 17. júlí 2017. Vakin er athygli á að sameiginleg ábyrgð eigenda á endurgreiðslukröfu getur aldrei numið hærra hlutfalli en 80%.

Birgir Björn Sigurjónsson,

fjármálastjóri